

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 167/2021

2024/EES/10/05

frá 11. júní 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar  
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1040 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1628 að því er varðar umbreytingarákvæði hennar til þess að bregðast við áhrifum af völdum COVID-19 hættuástandsins <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 1i (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628) í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

... breytt með:

- **32020 R 1040**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1040 frá 15. júlí 2020 (Stjtið. ESB L 231, 17.7.2020, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2020/1040, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 231, 17.7.2020, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.